

Margrét Bóasdóttir hóf 17 ára gömul söngnám hjá Elisabetu Erlingsdóttur í Tónlistarskóla Kópavogs og lauk þaðan burtfararprófi vorið 1975.

Sama ár lauk hún tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Haustið 1977 hóf hún framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Heidelberg - Mannheim hjá Edith Jaeger-Pietsch og lauk þaðan einsöngskennaraprófi 1981 og lokaprófi úr einsöngvaradeild 1982. Að hluta samhliða því námi stundaði hún sérnám í ljóðatúlkun hjá Konrad Richter við Tónlistarháskólann í Stuttgart og lauk því árið 1983. Síðan hefur hún notið einkakennslu hjá Eriku Schmidt-Valentin í Stuttgart.

Margrét hefur sótt fjölmörg námskeið í einsöng og ljóðatúlkun og var m.a. valin ein af átta þáttakendum á alþjóðlegu námskeiði hjá Dietrich Fischer-Dieskau árið 1982.

Hún hefur haldið fjölda ljóðatónleika héraendis og erlendis og sungið einsöngshlutverk í mörgum helstu kirkjulegum og veraldlegum verkum tónbókmenntanna.

Hún er nú m.a. kennari við Tónlistar-skólann á Akureyri.

Stephan Kaller er fæddur í Würzburg í Vestur - Þýskalandi. Hann nam píanóleik við tónlistarháskólann í heimaborg sinni og lauk einleikaraprófi 1984. Helstu kennarar hans voru Julian von Károlyi og Arne Torger. Hann stundaði einnig nám í ljóðatúlkun og kammertónlist hjá Norman Shetler og Helmuth Barth. Stephan Kaller hefur leikið kammertónlist og haldið fjölda einleikstónleika í heimalandi sínu og hefur unnið til verðlauna fyrir leik sinn.

Hann býr nú í Augsburg í Vestur Þýskalandi og er píanókennari við Berufsfachschule für Musik í Krumbach, en við þann skóla hefur Margrét einnig kennt.

Margrét og Stephan Kaller hafa starfað saman um nokkurt árabíl og haldið ljóðatónleika í Þýskalandi.

# Ljóðatónleikar

í


Listasafni

Sigurjóns Ólafssonar,

Laugarnestanga 70,

laugardaginn 21. janúar 1989

kl. 17.00



Margrét Bóasdóttir, sópran,  
Stephan Kaller, píanó.

EFNISSKRÁ:

A. Scarlatti  
1660-1725

*Le violette*

G.B. Pergolesi  
1710-1736

*Se tu m'ami*

F. Durante  
1684-1755

*Danza, danza*

Páll Ísólfsson  
1893-1972

*"Heyr, það er  
unnusti minn"  
"Ég kom í garð minn"  
(úr Ljóðaljóðunum)*

Áskell Snorrason  
1888-1972

*Sólkveðja*  
St. J. Thorsteinsson

Ragnar H. Ragnar  
1898-1987

*Hjarðmærin*  
St. J. Thorsteinsson

Gabriel Fauré  
1845-1924

*Le Papillon et la fleur*  
Victor Hugo  
*Après un rêve*  
R. Bussine  
*Mandoline*  
P. Verlaine

=====

W. A. Mozart  
1756-1791

*Ridente la calma*  
*Un moto di gioia*

Gustav Mahler  
1860-1911

Fjögur ljóð úr kvæðasafninu:  
"Des Knaben Wunderhorn"  
*Starke Einbildungskraft*  
*Rheinlegendchen*  
*Ablösung im Sommer*  
*Wer hat dies Liedlein*  
*erdacht*

Joseph Canteloube  
1879-1957

Þrjú ljóð úr  
"Chants d'Auvergne"

*Laio de rotso*  
*Brezairola*  
*Lou coucut*